



Fréttatilkynning

07 May 2026 15:17:00 GMT

Arion banki gefur út græn almenn skuldabréf fyrir 300 milljónir evra

Arion banki gaf í dag út almenn skuldabréf (e. senior preferred) að fjárhæð 300 milljónir evra til 3.5 ára. Skuldabréfin bera 3,625% vexti sem jafngilda 88 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum.

Umtalsverð eftirspurn var eftir skuldabréfunum eða um 8x sinnum meiri en framboð. Í heild bárust tilboð frá 124 fjárfestum frá yfir 26 löndum í Evrópu og Asíu. Endanleg tilboðsbók nam rúmlega 2,4 milljörðum evra.

Skuldabréfin verða gefin út undir EMTN-útgáfuramma bankans með vísan í sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans sem hlotið hefur álit frá óháðum aðila, ISS Corporate.

Umsjónaraðilar (e. joint lead managers) útgáfunnar voru BofA Securities, Deutsche Bank, J.P Morgan og Natwest

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki gefur út græn almenn skuldabréf fyrir 300 milljónir evra](#)